



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kirkjusandur 2 - breyting á deiliskipulagi

Á fundi borgarráðs þann 16. febrúar 2023 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. febrúar 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. febrúar 2023 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalistaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja mikilvægt að hugað sé að gæðum byggðar á nýbyggingarsvæðum, gætt sé að skuggavarpi og birtuskilyrðum. Ítreka fulltrúarnir að betur hefði farið á því að hafa bygginguna fimm hæðir í stað sex. Eins þarf að gæta þess að innviðir verði til staðar fyrir íbúa en nú þegar eru skólar, leikskólar og íþróttafélög hverfisins löngu komin að þolmörkum, líkt og fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ítrekað bent á.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að öll íbúðauppbýgging í borginni miði að því að mæta þeim sem eru í mestri þörf fyrir húsnæði og að byggt verði á óhagnaðardrifnum forsendum til að ná utan um þau sem eru í þörf. Að öðru leyti vísar fulltrúi sósíalista til bókunar sósíalista sem var lögð fram í umhverfis- og skipulagsráði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Í athugasemdum er kvartað yfir ófullnægjandi kynningu. Einnig er kvartað yfir of miklu skuggavarpi. Enda þótt allar byggingar varpi vissulega einhverjum skugga er hér um að ræða vandamál sem tengist of mikilli þéttingu byggðar og þá er það þéttingarstefnan sem er vandamálið. Nefndir eru mögulegir vindstrengir og það er atriði sem á að kanna áður en form bygginga er ákvarðað. Skipulagsyfirlögd sinna þessu atriði lítið sem ekkert með þeim afleiðingum að allt of oft myndast hættulegir vindstrengir nálægt háum



Reykjavíkurborg

byggingum. Um það eru þekkt dæmi í Reykjavík. Í gögnum er ekkert fjallað um þennan þátt sem ætti að vera eitt af aðalatriðunum. Bent er á að leikskóla- og skólamál séu í ólestri í hverfinu. Taka þarf strax á þeim málum. Vonandi verður tekið tillit til þessara athugasemda. Endurskoða þarf samráð og kynningarmál frá grunni.

Helga Björk Laxdal
e.u.